

Genís hf.
Pósthólf 57
580 Siglufjörður

Reykjavík, 5.9.2023
UST202302-167/G.S.O.
11.18.03

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 11. ágúst 2023 þar sem fram kom að frávik hefði verið skráð í eftirliti í Genís á Siglufirði þann 22. maí sl. Þann 5. september barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikið er eftirfarandi:

1. **Gr. 1.4 í leyfi.** Í leyfi Genís kemur fram að tilkynna þurfi Umhverfisstofnun ef starfsemi með erfðabreyttar örverur er hætt tímabundið með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Umhverfisstofnun var ekki tilkynnt um tímabundna stöðvun á síðasta ári. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hafa verkferlar verið settir upp til þess að tryggja að slíkt endurtaki sig ekki. Stofnuninni hefur einnig borist aðgerðaráætlun vegna tímabundinn stöðvunar á notkun örveranna. Gert er ráð fyrir að notkun á erfðabreyttum örverum í flokki 1 muni hefjast á ný snemma árs 2024.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna fráviksins verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikinu ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Sigríður Kristinsdóttir
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur